

15
28. jan.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, öðlast gildi 1. febrúar 1950.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. janúar 1950.

Björn Ólafsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

16
28. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Bókasafnssjóð sjúkrahússins á Patreksfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð sjúkrahússins á Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bókasafnssjóður sjúkrahússins á Patreksfirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafafé, kr. 685.00, frá Gísla Jónssyni, forstjóra í Reykjavík, og kr. 1414.00 frá nemendum unglinga- og iðnskóla Patreksfjarðar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp bókasafni til afnota fyrir sjúklinga, er dvelja í sjúkrahúsinu á Patreksfirði.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða meira en svo, að hann nemi kr. 1000.00. Afgangi höfuðstóls og rentum á hverjum tíma skal varið til bókaþauka og bókabands. Sjóðurinn tekur við peningagjöfum, bókaþauka og áheitum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa, samkvæmt ósk gefendanna, héraðslæknir, sóknarprestur og yfirhjúkrunarkona sjúkrahússins á hverjum tíma, og skiptir stjórnin með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin heldur gerðabók og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana og enn fremur allar gerðir stjórnarinnar, varðandi sjóðinn og bókasafnið.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar jafnan lagðir fyrir sjúkrahúsnefnd til samþykkis, og birtir síðan í sýslufundargerð Vestur-Barðastrandarsýslu.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.